



Alþingi
Erindi nr. P 143/874
komudagur 21.1.2014

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavíkurlflugvelli, 21. janúar 2014

Efni: Tillaga til þingsályktunar um seinkun klukkunnar og bjartari morgnar (379. mál.)

Icelandair ehf. (hér eftir *Icelandair*) vill fá að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum um ofangreinda þingsályktunartillögu er varðar seinkun klukkunnar og bjartari morgna. Icelandair biðst velvirðingar á því að umsögnin berist eftir að frestur til að senda umsagnir rann út. Aftur á móti var umsagnarbeiðni ekki send til félagsins og þar með var félaginu ekki kunnugt um stöðu málsins fyrr en nú.

Icelandair vill í fyrsta lagi mótmæla því að tímareikningur á Íslandi verði mismunandi á sumrin og veturna. Það gefur auga leið að slíkar breytingar kunna að hafa í för með sér ruglingshættu tvisvar á ári hjá þeim aðilum sem stunda viðskipti á alþjóðlegum mörkuðum. Á þeim markaði sem Icelandair starfar á er slík ruglingshætta sérstaklega yfirvofandi þar sem viðskiptavinir félagsins kom hvaðan æva að úr heiminum og er hætt við að flugfarþegar missi af flugum vegna þessa. Þar sem tímareikningur á Íslandi er nú hinn sami allt árið um kring þá hefur tekist að koma í veg fyrir vandamál af þessu tagi hérlendis. Það er bæði einfaldara og hentugra að notast við sama tímareikning allt árið um kring enda er fagnaðarefni að slíkt hafi verið gert á Íslandi frá árinu 1968.

Í öðru lagi vill Icelandair benda á að fjölmörg fyrirtæki nota kerfi í starfsemi sinni sem miða við alþjóðlegan vetrartíma, (UTC), og er Icelandair þeirra á meðal. Mikið hagræði felst í því að hafa fastan sumartíma allt árið þegar unnið er með slík kerfi. Fari svo að tímareikningi Íslands verði breytt mun félagið þurfa að breyta og byggja upp nýtt kerfi frá grunni sem tekur mið af breyttum aðstæðum. Þetta á líklega ekki einungis við um Icelandair og vill félagið því koma á framfæri því óhagræði sem þessi breyting kann að hafa á ýmsa starfsemi í landinu.



Í þriðja lagi vill Icelandair benda á að mörg íslensk fyrirtæki hafa byggt starfsemi sína í kringum þann tímareikning sem verið hefur við lýði á Íslandi frá árinu 1968. Til dæmis hefur Icelandair í fjölda áratuga byggt upp alþjóðlegt leiðarkerfi með sama brottfarartíma frá Keflavík allt árið. Á sama tíma hefur félagið öðlast hefðarrétt á tilteknum landingartímum á erlendum flugvöllum sem taka mið af þessum brottfarartímum. Fari svo að tímareikningi Íslands verði breytt mun Icelandair missa rétt sinn til þessara brottfarartíma og ómögulegt getur verið að fá nýja tíma á fjölförnum flugvöllum, t.d. Heathrow flugvelli í Lundúnum og JFK flugvelli í New York. Farþegar okkar geta keypt flugsæti með okkur og áfram með öðrum flugfélögum í alþjóðlegum dreifikerfum um ár fram í tímann. Breytingar á leiðarkerfi félagsins þurfa því að hafa langan aðdraganda til að skapa sem minnst óþægindi fyrir farþega. Önnur fyrirtæki sem stunda alþjóðlega flutningastarfsemi munu væntanlega einnig finna verulega fyrir þeirri röskun sem valdið yrði með breyttum tímareikningi.

Að lokum vill Icelandair benda á að vegna staðsetningar Íslands eru birtuskilyrði landsins mjög sérstök. Hluta ársins er bjart allan sólarhringinn á meðan varla sést til sólar nálægt vetrarsólstöðum. Breytingar á birtustigi eru jafnframt mjög örar líkt og sjá má á Almanaki Háskóla Íslands og ætti flestum landsmönnum jafnframt að vera þetta mjög kunnugt. Breyting á tímareikningi landsins mun ekki breyta þessum sérstöku aðstæðum og ætti löggjafinn því að huga verulega að þeirri röskun sem breytingar af þessu tagi kunna að hafa áður en haldið verður áfram með málið.

Virðingarfyllst,
f.h. Icelandair ehf.

A handwritten signature in black ink, appearing to read "Birkir H. Guðnason".

Birkir Hólm Guðnason
Framkvæmdastjóri